

# Frumvarp til laga

um

## **lögaldursleyfi handa konum.**

(Lagt fyrir alþingi 1905).

---

Frá 1. janúar 1906 má veita konum lögaldursleyfi eptir sömu reglum og með sömu skilyrðum og karlmönnum.

---

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Með opnu brjefi 4. janúar 1861 fengu ógiptar konur myndugleika í fjármálum á sama hátt og karlmenn; urðu hálfmyndugar 18 ára og fullmyndugar 25 ára, og með lögum 12. janúar 1900, 10. gr., öðluðust giptar konur hið sama forræði og ógiptar, en í hvorugum þessum lögum er heimild til þess að veita konum lögaldursleyfi eða undanþágu frá lögaldursákvæðunum á líkan hátt og karlmönnum. Með því að slíkar undanþágur auðvitað höfðu aldrei tíðkæzt, áður en opið brjef 4. janúar 1861 kom út, og heldur eigi hafa átt sjer stað eptir þann tíma, þangað til stjórnarskrá Íslands var gefin, þá er nú samkvæmt 13. gr. stjórnarskrárinnar engin heimild til þess að veita slíkar undanþágur.

Það hefir nú komið fyrir nýlega, að ófullveðja kona hefir sótt um lögaldursleyfi, og hefir orðið að neita um það. Þar sem löggjöfin hefir á síðari árum aðhyllt þá stefnu að gjöra konur eins rjettháar í fjármálum og karlmenn, sbr. fyrnefnd lög 12. janúar 1900, virðist engin ástæða til að gjöra þeim lægra undir höfði í þessu atriði, enda getur þeim verið eins áriðandi og karlmönnum að fá lögaldursleyfi, og hefir því stjórnarráðinu virzt ástæða til að leggja frumvarp þetta fyrir alþingi.

Þess skal að endingu getið, að orðið »konur« á bæði við giptar og ógiptar konur, og að sýslumenn og bæjarfógetar veita leyfið, þegar konan er fullra 22 ára, sjá tilsk. 23. ágúst 1904 I. 1. j. 3, en stjórnarráðið, þegar konan er að eins 21 árs að aldri og sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, er gjöra það nauðsynlegt fyrir hana að fá lögaldursleyfi.